

Mál nr. 163/2018**M og
V v/ barnatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu úr barnatryggingu vegna veikinda barns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.5.2018, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 29.5.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt vátryggingarumsókn, dags. 4. september 2015, tóku M barnatryggingu hjá V vegna A, rúmlega árgamallar dóttur þeirra. Í vátryggingarumsókninni kom ekkert fram sem gaf tilefni til að ekki væri unnt að gefa út vátrygginguna án fyrirvara eða takmarkana.

Með tjonstilkynningu 3. október 2016 var V tilkynnt að A hefði greinst með sjúkdóm, „Double cortex syndrome“, sem leiði af sér flogaveiki. Í fyrirliggjandi vottorði sérfræðilæknis kemur fram að A hafi greinst með sjúkdóminn 12. september 2016 og um sé að ræða meðfæddan galla á heila sem nefnist „subcortical band heterotopia“ eða „double cortex“ og valdi sjúkdómurinn þroskaseinkun og flogaveiki og skýri hann einkenni A. V hafnaði bótaskyldu úr barnatryggingunni á þeirri forsendu að sjúkdómseinkenni A megi rekja meðfæddra veikinda og slík veikindi falli utan bótasviðs vátryggingarinnar. M hafa ekki viljað una þessari afstöðu V á þeim forsendum einkum að þegar vátryggingin var tekin hafi í kynningarefni á vefsíðu M ekki komið fram að vátryggingin tæki ekki til meðfæddra sjúkdóma og víkja bæri skilmálaákvæðum að þessu leyti til hliðar, sbr. 36. og 36. gr. a-c laga um samninga, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936 með síðari breytingum.

Álit.

Samkvæmt 2. tölul. 21.gr. í skilmálum barnatryggingar V, sem í gildi voru þegar A veiktist í september 2016, tekur vátryggingin tekur ekki til meðfædds sjúkdóms, meðfædds líkamsáagalla eða meðfædds andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands ef talið er líklegt samkvæmt lækisfræðilegri reynslu, að það hafi verið til staðar frá fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði þar í frá eða að tilhneigingin til slíks ástands hafi verið til staðar við fæðingu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 2. tölul. 22. gr. þeirra skilmála barnatryggingar V sem í gildi voru þegar M tóku vátrygginguna í september 2015. Eins og að framan greinir á sjúkdómur sá sem greindist hjá A rætur að rekja til meðfædds galla á heila. Fyrrgreint takmörkunarákvæði vátryggingarskilmálanna á því hér við samkvæmt skýru orðalagi sínu.

Skilmálarnir voru jafnframt skýrir hvað varðar takmörkun á bótaskyldu að þessu leyti þegar vátryggingin var tekin. Ekki verður ráðið að upplýsingagjöf við töku vátryggingarinnar hafi ekki verið í samræmi við 2. mgr. 64. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 auk þess sem vátryggingartaki var í upphaflegu vátryggingarskírteini hvattur til að „kynna sér vel þá skilmála sem um vátrygginguna gilda, sbr. e-lið 2. mgr. 70. gr. laganna. Ekkert kemur fram í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að gildissvið vátryggingarinnar hafi átt að vera viðtækara en leiðir að ákvæðum skilmálanna. Þá verður að telja að umrætt undanþáguákvæði byggji á málefnalegum ástæðum og sé ekki svo ósanngjarnt í garð vátryggingartaka eða vátryggðs eða andstætt góðri viðskiptavenju að því verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. eða 36. gr. a-c laga nr. 7/1926. Að öllu athuguðu eiga M ekki rétt til bóta úr barnatryggingunni hjá V vegna þess sjúkdóms sem A býr við og greindist hjá henni í september 2016.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr barnatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. júlí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.